

**Verkakonur, vellíðan og velferðarkerfið –  
Leitað er að konum til að taka þátt í einstaklingsviðtölum.**

Tilgangur rannsóknarinnar er að öðlast skilning á hvernig ólíkir þættir eins og samræming fjölskyldu og atvinnulífs, félagsleg tengsl og vellíðan tengjast félagslegri og efnahagslegri stöðu og jafnframt að auka skilning á þeirri reynslu sem lágtekjukungur hafa af velferðarkerfinu og möguleg áhrifum þess á félagslegt misrétti.

**Viðmælendur fá 10.000 kr. Bónuskort fyrir þátttökuna og boðið er upp á barnapössun ef viðmælandi óskar þess á meðan viðtalið fer fram.** Viðtölin munu taka u.þ.b. klukkustund en staðsetning þeirra verður ákveðin í samstarfi við þátttakendur.

Leitað er eftir kvenkyns viðmælendum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Eru virkar á íslenskum vinnumarkaði í a.m.k. 80% starfshlutfalli.
- Tilheyra tekjulægri hópum vinnumarkaðarins (til viðmiðunar skulu heildartekjur ekki vera hærri en u.þ.b. 500 þúsund krónur á mánuði eða u.þ.b. 1 milljón í samanlagðar tekjur þíns og maka þíns).
- Eiga a.m.k. eitt barn á leik- og/eða grunnskólaaldri.

Farið verður með allar upplýsingar sem fram koma í viðtölunum sem trúnaðarmál. Við birtingu gagna úr rannsókninni verður ekki hægt að rekja neinar upplýsingar til einstakra þátttakenda. Þátttakendum er frjálst að hafna þátttöku eða hætta við þátttöku í rannsókninni á hvaða stigi sem er, án útskýringa eða afleiðinga.

**Hefur þú áhuga á að taka þátt?** Vinsamlegast sendu tölvupóst á netfangið [konur@unak.is](mailto:konur@unak.is). Í tölvuóstinn skrifar þú nafnið þitt og bestu leiðina til að hafa samband við þig (símanúmer eða tölvupóst). Rannsakandi mun í kjölfarið hafa samband.

Ábyrgðaraðili rannsóknarinnar er Berglind Hólm Ragnarsdóttir, lektor við Háskólann á Akureyri, í samstarfi við rannsóknarhóp sem stendur að rannsókninni.